



Framkvæmd fjárlaga janúar–júní 2015

September 2015

Efnisyfirlit

NIÐURSTÖÐUR OG ÁBENDINGAR	3
1 INNGANGUR	5
2 AFKOMA A-HLUTA RÍKISSJÓÐS	6
3 TEKJUR A-HLUTA RÍKISSJÓÐS.....	7
4 GJÖLD A-HLUTA RÍKISSJÓÐS.....	8
5 SJÓÐSTREYMI A-HLUTA RÍKISSJÓÐS.....	18
VIÐAUKI 1: SKÝRINGAR Á HUGTÖKUM	19
VIÐAUKI 2: GJALDALIÐIR FJÁRLAGA	22

Niðurstöður og ábendingar

Greiðsluafkoma ríkissjóðs á fyrri árs helmingi 2015 var jákvæð um 0,8 ma.kr. Í áætlun fyrir tímabilið var hins vegar gert ráð fyrir að greiðsluafkoman yrði neikvæð um 26,6 ma.kr. Til samanburðar var greiðsluafkoma ríkissjóðs jákvæð um 13,1 ma.kr. á sama tímabili 2014.

Greiðsluafkoma á fyrri árs helmingi er mun betri en búist var við

Betri afkoma en áætlað var skýrist af meiri tekjum en ráð var fyrir gert í upphafi ársins, bæði skatttekjum og rekstrartekjum. Tekjuskattar einstaklinga og fyrirtækja, þ.m.t. fjármagnstekjuskattur, skiluðu 10 ma.kr. meiru, einkum vegna tekjuskatta lögaðila og fjármagnstekjuskatts. Frávikid nemur samtals 9,4%. Aftur á móti voru skattar á vöru og þjónustu nær áætlun fjárlaga. Skatttekjur voru samtals 11,8 ma.kr. eða 4,5% hærri en skv. áætlun.

Rekstrartekjur voru 13,9 ma.kr. hærri en áætlun sagði til um eða 46%. Frávikid skýrist nær eingöngu af meiri arðgreiðslum (heildararðgreiða Landsbankans var t.d. 23,7 ma.kr.). Aftur á móti voru tekjur vegna fjárframlaga og sölu eigna í samræmi við áætlun.

Fjárheimildum ársins er dreift niður á mánuði í samræmi við áætluð útgjöld. Samþykktar fjárheimildir ársins eru annars vegar fjárlög sem gera ráð fyrir 637,9 ma.kr. útgjöldum á greiðslugrunni og hins vegar fluttar fjárheimildir frá fyrra ári samtals 5,9 ma.kr. Fjárheimildum ársins er auk þess breytt með fjárukalögum, venjulega í desember, og með lokafjárlögum eftir lok fjárlagaársins til að fella niður fjárheimildastöður og breyta fjárheimildum vegna frávika markaðara tekna og annarra rekstrar-tekna frá áætlun fjárlaga.

Á fyrri hluta ársins var gert ráð fyrir að nýta samtals 321,8 ma.kr. af fjárheimild ársins. Greidd gjöld tímabilsins voru hins vegar 320,8 ma.kr. Alls voru 252 fjárlagaliðir með útgjöld innan áætlunar og nam munurinn samtals um 14,3 ma.kr. 141 fjárlagaliður var með útgjöld yfir áætlun og munaði þar samtals 13,4 ma.kr.

Þriðjungur fjárlagaliða fór fram úr áætlun tímabilsins

Rétt er að hafa hugfast að útkoman kann að breytast í lok árs vegna rekstrar á síðari hluta ársins og vegna breytinga á fjárheimildum, s.s. vegna millifærslna og fjárukalaga. Engu að síður hefur reynsla undanfarinna ára sýnt að um þriðjungur fjárlagaliða fer fram úr fjárheimild í lok árs. Þá skal tekið fram að ýmsir uppgjörslíðir geta sýnt meiri frávik en fram kemur í greiðsluuppgjörinu, s.s. lífeyrisskuldbindingar, afskriftir á skattkröfum o.fl.

Í sumum tilvikum eru frávik á liðum sem erfitt er að sjá fyrir við gerð fjárlaga og stýra innan ársins. Í öðrum tilvikum liggur fyrir í byrjun árs að grípa þurfi til ráðstafana á árinu ef stofnun/fjárlagaliður á að vera innan heimilda í lok ársins.

Að mati Ríkisendurskoðunar er ófullnægjandi fyrirkomulag á því hvernig stofnunum er ætlað að taka á uppsöfnuðum halla. Sé halli fluttur yfir á næsta ár kemur hann til skerðingar á fjárheimildum skv. fjárlögum þess árs. Við afgreiðslu rekstraráætlana vegna ársins þarf að taka afstöðu til þess hvernig slíkri skerðingu er mætt en svo virðist sem allur gangur sé á því hvernig eftir því er gengið.

1 Inngangur

Lög um Ríkisendurskoðun nr. 86/1997 fela stofnuninni að hafa eftirlit með framkvæmd fjárlaga og vera þingnefndum til aðstoðar við störf er varða fjárhagsmálefni ríkisins. Ríkisendurskoðun ber einnig að kanna hvort reikningar séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárákjalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og samninga um rekstrarverkefni þar sem það á við. Á grundvelli þessara ákvæða fylgist Ríkisendurskoðun með framkvæmd fjárlaga og fjallar um hana í skýrslum til Alþingis.

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir framkvæmd fjárlaga á fyrri árshelmingi 2015. Fjallað er um afkomu A-hluta ríkissjóðs, frávik í tekjum og gjöldum á árinu og sjóðshreyfingar. Í mars 2015 sendi stofnunin fjárlaganefnd minnisblað um skil og afgreiðslu á rekstraráætlunum stofnana vegna ársins. Stofnunin mun næst taka saman skýrslu um framkvæmd fjárlaga fyrir tímabilið janúar til september 2015.

Tekið skal fram að upplýsingar í skýrslunni byggja m.a. á mánaðar- og ársfjórðungs-uppgjörum Fjársýslu ríkisins en þau eru sett fram á greiðslugrunni. Greiðsluhreyfingar vegna liða eins og lífeyrisskuldbindinga, fjármagnskostnaðar, afskrifta skattkrafna o.fl. kunna að reynast aðrar samkvæmt endanlegu uppgjóri þeirra í ríkisreikningi sem settur er fram á rekstrargrunni.¹ Þá getur mismunandi innheimtuhlutfall og greiðslutímabil tekna frá ári til árs haft áhrif á hve miklu munar á tekjum skv. þessum uppgjörum.

¹ Munurinn á uppgjóri skv. greiðslugrunni og rekstrargrunni er skýrður í viðauka skýrslunnar.

2 Afkoma A-hluta ríkissjóðs

Greiðsluafkoma á fyrri árhelmingi er mun betri en skv. áætlun

Innheimtar tekjur ríkissjóðs á fyrri árhelmingi 2015 voru 320,5 ma.kr. og greidd gjöld 319,7 ma.kr. Greiðsluafgangur á fyrri hluta ársins var þannig 0,8 ma.kr. Áætlun tímabilsins gerði hins vegar ráð fyrir að greiðsluafkoman yrði neikvæð um 26,6 ma.kr.

2.1 Tekjur, gjöld og afkoma A-hluta ríkissjóðs, janúar–júní 2015

Greiðslugrunnur (ma.kr.)	Fjárlög	Áætlun	Útkoma	Útkoma fyrra árs
Tekjur	630,2	295,2	320,5	306,3
Gjöld	637,9	321,8	319,7	293,1
Greiðsluafkoma	-7,7	-26,6	0,8	13,1
Hlutfall af tekjum	-1,2%	-9,0%	0,2%	4,3%

Greiðsluafkoma ríkissjóðs versnaði á milli ára

Greiðsluafkoma ríkissjóðs fyrri hluta ársins var engu að síður heldur lakari en á sama tímabili 2014 þegar greiðsluafkoman var jákvæð um 13,1 ma.kr. Innheimtar tekjur á fyrri árhelmingi 2015 voru 4,6% hærrí en á sama tíma árið 2014, en greidd gjöld aftur á móti 9,1% hærrí. Lakari afkoma en á síðasta ári stafar af því að tekjur hækkuðu mun minna en gjöldin. Bæði tekjur og gjöld hækkuðu þó umfram vísitölu neysluverðs sem hækkaði um 1,3% á milli fyrri árhelminga 2014 og 2015.

3 Tekjur A-hluta ríkissjóðs

Í fjárlögum er áætlað að innheimtar tekjur ríkissjóðs verði 630,3 ma.kr. á öllu árinu 2015. Innheimtar tekjur á fyrri hluta ársins voru áætlaðar 295,2 ma.kr. en í reynd urðu þær 25,4 ma.kr. eða 8,6% hærrí. Tekjurnar voru einnig 14,2 ma.kr. eða 4,6% hærrí en á fyrri ársþelmingi 2014.

Áætlanir tímabilsins gerðu ráð fyrir að innheimtir skattar yrðu 264,6 en þeir urðu í reynd 276,4 ma.kr. eða 4,5% hærrí en áætlunin. Útkoman er reyndar mismunandi eftir skatttegundum og munar þar mestu um að skattar á tekjur og hagnað, einkum hjá lögaðilum, voru 10,0 m.kr. eða 9,4% umfram áætlun. Í samanburði við fyrri ársþelming 2014 hækkuðu innheimtar skatttekjur um 16,1 ma.kr. eða 6,2%. Þessi útkoma endurspeglar vel aukin efnahagsleg umsvif í hagkerfinu sem skila sér fljótt í meiri skatttekjum ríkissjóðs.

Skattar skiluðu meiri tekjum en áætlað var

3.1 Tekjur ríkissjóðs, sundurliðun, janúar–júní 2015

Greiðslugrunnur (ma.kr.)	Fjárlög	Áætlun	Útkoma	Útkoma fyrra árs	Frávik frá áætlun		Breyting frá fyrra ári	
Skatttekjur	577,6	264,6	276,4	260,3	11,8	4,5%	16,1	6,2%
Skattar á tekjur og hagnað	205,9	106,7	116,7	106,5	10,0	9,4%	10,2	9,6%
Eignarskattar	7,0	2,9	3,5	5,4	0,6	20,7%	-1,9	-35,2%
Tryggingagj. og aðrir launask.	84,4	40,8	40,1	38,5	-0,7	-1,7%	1,6	4,2%
Skattar á vörur og þjónustu	239,0	113,4	115,1	109,0	1,7	1,5%	6,1	5,6%
Aðrir skattar	41,3	0,8	1,0	0,9	0,2	25,0%	0,1	11,1%
Rekstrartekjur	50,5	30,2	44,1	44,7	13,9	46,0%	-0,6	-1,3%
Vaxtatekjur	16,6	7,1	6,5	7,9	-0,6	-8,5%	-1,4	-17,7%
Arður	16,8	15,0	29,0	29,2	14,0	93,3%	-0,2	-0,7%
Veiðigjald	7,3	2,7	3,5	3,3	0,8	29,6%	0,2	6,1%
Aðrar rekstrartekjur	9,8	5,4	5,1	4,3	-0,3	-5,6%	0,8	18,6%
Fjárframlög	1,4	0,1	0,1	0,1	0,0	0,0%	0,0	0,0%
Sala eigna	0,8	0,3	0,0	1,3	-0,3	100,0%	-1,3	100,0%
Tekjur alls	630,3	295,2	320,6	306,4	25,4	8,6%	14,2	4,6%

Innheimtar rekstrartekjur ríkissjóðs voru áætlaðar 30,2 ma.kr. á fyrri ársþelmingi 2015 en þær urðu 13,9 ma.kr. eða 46,0% hærrí. Skýrist það af meiri arðgreiðslum en ráð var fyrir gert. Bæði í ár og á síðasta ári voru tekjur ríkissjóðs af arði vanáætlaðar. Innheimtar rekstrartekjur á fyrri hluta ársins voru 0,6 ma.kr. (1,3%) lægri en á sama tíma 2014.

4 Gjöld A-hluta ríkissjóðs

Fjárheimildir skv. fjárlögum geta breyst innan ársins

Fjárheimildum ársins er skipt niður á mánuði til samræmis við hvernig áætlað er að útgjöld viðkomandi fjárlagaliða falli til innan ársins. Fjárheimildir fjárlaga geta breyst vegna flutnings ónýtttra fjárheimilda frá árinu á undan. Fjárheimildum er einnig breytt með fjáráukalögum en það gerist hins vegar ekki fyrr en á síðustu mánuðum ársins. Loks geta fjárheimildir einstakra fjárlagaliða breyst frá fjárlögum vegna þess að á þá eru færðar fjárheimildir af öðrum fjárlagaliðum, s.s. af safnliðum (þ.m.t. launa- og verðlagsbætur) eða vegna flutnings verkefna á milli stofnana, en heildarfjárheimildin fyrir ríkissjóð breytist hins vegar ekki við þetta.

Tafla 4.1 sýnir fjárheimildir sem í gildi voru á fyrri hluta ársins 2015 eftir ráðuneytum.

4.1 Fjárheimildir, janúar–júní 2015						
Greiðslugrunnur (m.kr.)	Fjárlög	Fjáráukalög	Launa- bætur	Milli- færslur	Flutt frá fyrri ári	Fjárheimildir samts
00 Æðsta stjórn ríkisins	2.166.386	0	0	31.168	98.760	2.296.314
01 Forsætisráðuneyti	1.554.174	0	7.819	29.318	211.308	1.802.618
02 Mennta- og menningarmálar.	40.154.129	0	22.634	-1.172.755	803.377	39.807.386
03 Utanríkisráðuneyti	5.930.000	0	0	-661.332	232.569	5.501.237
04 Atvinnuvega- og nýsköpunarr.	15.238.201	0	8.217	-1.450.909	929.548	14.725.056
06 Innanríkisráðuneyti	37.556.066	0	4.681	-3.254.333	-237.041	34.069.373
08 Velferðarráðuneyti	135.982.605	0	1.148.729	-4.632.310	-1.787.820	130.711.204
09 Fjármála- og efnahagsr.	29.355.801	0	-1.205.675	11.553.963	1.241.092	40.945.180
14 Umhverfis- og auðlindar.	4.619.753	0	13.595	-333.545	1.235.723	5.535.527
19 Vaxtagjöld ríkissjóðs	41.076.534	0	0	5.289.466	0	46.366.000
	313.633.649	0	0	5.398.731	2.727.517	321.759.896

Í árshlutauppgjöri Fjársýslunnar hafa fjárheimildir á árinu 2015 verið hækkaðar um 1.361 m.kr. vegna frávika markaðra tekna en lækkaðar um 568 m.kr. vegna frávika í öðrum rekstrartekjum. Í þessari skýrslu eru frávik markaðra tekna og annarra rekstrartekna frá áætlun fjárlaga hins vegar ekki taldar til gilda fjárheimilda enda ekki ennþá búið að samþykkja slíkar breytingar í lokafjárlögum.

Gjöld ríflega þriðjungs fjárlagaliða fóru fram úr áætlun á fyrri hluta ársins

Tafla 4.2 sýnir samanburð fjárheimilda og greiddra gjalda eftir ráðuneytum á fyrri ársþingi 2015. Áætlun gerði ráð fyrir að 321,8 ma.kr. af fjárheimildum ársins yrðu nýttar á tímabilinu en greidd gjöld voru í reynd 320,8 ma.kr. Greidd gjöld 252 fjárlagaliða eða 64% voru undir áætlun á fyrri hluta ársins og munaði samtals um 14,3 ma.kr. Aftur á móti voru gjöld 141 fjárlagaliða eða 36% yfir áætlun og var munurinn samtals 13,4 ma.kr. Tafla yfir stöðu allra fjárlagaliða gagnvart fjárheimildum er í viðauka 2.

4.2 Gjöld ríkissjóðs, fjárheimildir og útkoma, janúar–júní 2015

Greiðslugrunnur (m.kr.)	Fjárheimildir	Útkoma	Frávik undir fjárheimild	Frávik yfir fjárheimild	Fjöldi undir fjárheimild	Fjöldi yfir fjárheimild
00 Æðsta stjórn ríkisins	2.296.314	2.078.148	226.166	7.999	6	2
01 Forsætisráðuneyti	1.802.618	1.497.264	305.721	367	13	1
02 Mennta- og menningarmálar.	39.807.386	38.578.389	2.222.495	993.498	53	39
03 Utanríkisráðuneyti	5.501.237	4.956.623	544.615	0	9	0
04 Atvinnuvega- og nýsköpunarr.	14.725.056	13.303.969	1.783.575	362.487	33	11
06 Innanríkisráðuneyti	34.069.373	36.329.168	1.597.744	3.857.539	27	36
08 Velferðarráðuneyti	130.711.204	132.421.661	3.278.930	4.989.387	72	36
09 Fjármála- og efnahagsr.	40.945.180	41.723.548	2.148.385	2.926.752	19	10
14 Umhverfis- og auðlindar.	5.535.527	4.548.563	1.247.517	260.553	19	6
19 Vaxtagjöld ríkissjóðs	46.366.000	45.390.000	976.000	0	1	0
	321.759.896	320.827.331	14.331.148	13.398.582	252	141

Umfjöllun um fjárlagaliði einstakra ráðuneyta

Ríkisendurskoðun leitaði eftir upplýsingum frá öllum ráðuneytum um fjárlagaliði þeirra sem að óbreyttu gætu farið marktækt fram úr fjárheimild í lok árs, hvaða skýringar væru á frávikum og til hvaða ráðstafana væri gripið vegna þessa. Sömuleiðið var óskað eftir upplýsingum um fjárlagaliði sem útlit er fyrir að verði marktækt undir fjárheimild í lok ársins.

Forsætisráðuneyti

Í svari forsætisráðuneytisins kom fram að enginn fjárlagaliður þess sýni þannig stöðu um mitt ár að ástæða sé til að ætla að gjöld fari fram úr fjárheimildum í árslok en ráðuneytið muni þó fylgjast náið með framvindu mála í rekstri stofnana það sem eftir lifir árs.

Nokkrir fjárlagaliðir ráðuneytisins sýna afgang á miðju ári en yfirleitt er um að ræða verkefni sem dregist hefur að ljúka. Áætlað er að fjárheimild verði nýtt á síðari hluta ársins. Dæmi um þetta eru *01-401 Hagstofa Íslands* en þar fluttust verkefni á milli ára. *01-311 Þjóðminjasafn Íslands* er að semja um leigu á nýju geymsluhúsnæði og mun ganga á fjárveitingu þegar samningurinn kemur til framkvæmda. Loks hafði kostnaður hjá *01-902 Þjóðgarðinum á Þingvöllum* vegna stækkunar gestastofu ekki verið greiddur út á miðu ári. Ráðuneytið gaf einnig greinargóðar skýringar á öðrum ónýttum fjárheimildum en þar er m.a. um að ræða liði þar sem útgjöld vegna stofnkostnaðar falla til með óreglulegum hætti á milli ára og liði þar sem greiðsludreifing innan ársins reynist önnur en áætlun segir til um, s.s. vegna viðhalds og styrkveitinga. Ráðuneytið telur því ekki ástæðu til að lækka fjárheimildir á einstökum fjárlagaliðum þess.

Utanríkisráðuneyti

Hjá utanríkisráðuneyti kom fram að enginn fjárlagaliður þess stefni í að fara marktækt umfram fjárheimild í lok árs. Þá taldi ráðuneytið ekkert benda til þess að nokkur fjárlagaliður þess yrði með ónýtta fjárheimild í lok árs svo einhverju næmi og því ekki ástæða til að bregðast sérstaklega við slíku.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti

Hjá nokkrum fjárlagaliðum mennta- og menningarmálaráðuneytis er að óbreyttu útlit fyrir halla í lok árs og skýrist það helst af halla frá fyrra ári. Hjá *02-217 Hólaskóla - Háskólanum á Hólum* er þannig 170 m.kr. uppsafnaður halli frá fyrra árum og þar af var rúmlega 12 m.kr. halli á rekstri skólans á árinu 2014. Ráðuneytið hefur ekki getað samþykkt áætlun fyrir árið 2015 þar sem skólinn hefur ekki sýnt fram á hallalausan rekstur innan ársins. Unnið er að því að draga úr kostnaði til að reksturinn geti orðið innan fjárheimildar skv. fjárlögum og verður leitast við að greiða niður uppsafnaðan halla þegar því marki er náð. Við undirbúning frumvarps til fjárukalaga 2015 var óskað eftir fjárveitingu til að takast á við uppsafnaðan vanda skólans.

Hjá *02-309 Kvennaskólinn í Reykjavík* er uppsafnaður halli frá fyrra ári 47,4 m.kr. Áætlun fyrir skólann var afgreidd með 8,7 m.kr afgangi innan ársins og lækkar það uppsafnaðan halla skólans sem því nemur.

Hjá *02-352 Flensborgarskóla* er uppsafnaður halli frá fyrra ári 183,9 m.kr, þar af rúmlega 80 m.kr. vegna halla á ársinu 2014. Fyrirliggjandi áætlun gerir ráð fyrir 6,3 m.kr. halla innan ársins 2015 og hefur hún ekki verið samþykkt af ráðuneytinu. Skólinn hefur sent ráðuneytinu tillögur um aðgerðir til að ná jafnvægi í rekstri og byrja að greiða niður uppsafnaðan halla. Ráðuneytið hefur þessar tillögur nú til skoðunar.

Hjá *02-357 Fjölbrotaskóla Suðurlands* skýrir 49,5 m.kr. uppsafnaður halli frá fyrra ári að skólinn verður með neikvæða afkomu í lok árs. Rekstraráætlun gerir ráð fyrir 24,1 m.kr. afgangi innan ársins og gangi hún eftir lækkar uppsafnaður halli í árslok sem því nemur.

02-370 Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ er með 44,7 m.kr. uppsafnaðan halla frá fyrra ári og er hann að mestu kominn til vegna flutnings skólans í nýtt húsnæði. Samþykkt áætlun fyrir árið 2015 gerir ráð fyrir að rekstur skólans verði innan fjárheimilda ársins. Tillögur um hvernig skólinn ætlar að greiða niður uppsafnaða skuld á næstu árum liggja fyrir og er ráðuneytið að fara yfir þær.

Fram kemur í svari ráðuneytisins að þær stofnanir sem hafa glímt við erfiðan rekstrarvanda hafi fengið aðstoð ráðuneytisins við að reyna að greina hann. Ráðuneytið muni einnig óska eftir aukafjárveitingu fyrir þær stofnanir sem hafa glímt við mikinn rekstrarvanda. Þetta á við um Hólaskóla - Háskólann á Hólum, Tilraunastöð Háskólans að Keldum, Flensborgarskólann í Hafnarfirði, Landbúnaðarháskóla Íslands, Þjóðleikhúsið og Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Gera má ráð fyrir að stofnkostnaðarliðir eins og *02-318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður* og *02-969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður* muni hafa jákvæða stöðu í árslok. Sama gildir um fjárlagaliði sumra sjóða sem undir ráðuneytið heyra. Skýrist þetta helst af seinkun á framkvæmdum eða að veitt hefur verið loforð um styrk sem ekki hefur ennþá verið greiddur út að fullu. Framlög af þessu tagi taka mið af greiðsluáætlun skv. samningum sem ekki endurspeglar í öllum tilvikum dreifingu fjárheimilda innan ársins.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti

Hjá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti lítur almennt út fyrir að fjárlagaliðir verði í samræmi við áætlanir í árslok. Helstu skýringar á frávikum á fyrri hluta árs eru óregluleg gjöld sem ráðuneytið segir erfitt að áætla hvernig munu dreifast innan ársins en þó sé gert ráð fyrir að jafnvægi verði náð í lok árs. Fjárheimildastaða *04-234 Matvælastofnunar* er óljós þar sem áhrif verkfalls á árinu hafa ekki enn komið fram að fullu en áætlað er að staðan skýrist betur í 9 mánaða uppgjörinu. Fjárheimildastaða eftir sex mánuði ársins bendir til þess að *04-821 Framleiðnisjóður landbúnaðarins* verði að óbreyttu marktækt yfir fjárheimild liðarins í lok árs. Sjóðurinn er með 126 m.kr. gjaldaheimild í fjárlögum 2015 og er hún fjármögnuð að hluta með tekjum sem ráðuneytið telur ólíklegt að muni skila sér að fullu. Sjóðurinn hafði áður tekjur af kjarnfóðurtollum skv. 33. gr. laga nr. 99/1993 en greinin var felld úr lögum árið 2012. Nú hefur sjóðurinn eingöngu vaxtatekjur og voru þær um 7 m.kr. árið 2014. Áætlaðar tekjur í fjárlögum eru hins vegar 25 m.kr. Bókfærð gjöld á fyrri helmingi ársins eru um 116 m.kr. sem er undir gjaldaheimild ársins en skili tekjurnar sér ekki að fullu er ljóst að sjóðurinn verður rekinn með halla. Sjóðurinn á hins vegar uppsafnaðar fjárheimildir sem hægt sé að ganga á.

Fjárheimild *04-251 Einkaleyfastofunnar*, að undanskildu faggildingarsviði, er fjármögnuð með mörkuðum ríkistekjum. Á undanförunum árum hefur gjaldskrá stofnunarinnar verið hækkuð en henni hefur þó ekki verið veitt heimild til að ráðstafa öllum tekjunum. Er það vegna kröfu um aðhald í útgjöldum sambærilegrar þeim sem gerðar hafa verið til annarra ríkisstofnana. Fjárlagarammi Einkaleyfastofunnar hefur þannig ekki hækkað í samræmi við tekjur hennar og mismunurinn verið færður á bundið eigið fé. Þetta hefur orðið til þess að halli er á rekstri stofnunarinnar og höfuðstóll hennar neikvæður. Hjá ráðuneytinu kom fram að unnið sé að því að leysa fjárhagsvanda stofnunarinnar.

Innanríkisráðuneyti

Í svari innanríkisráðuneytisins kom fram að afkoma nokkurra fjárlagaliða sé talin verða neikvæð um meira en 4% í árslok. Ráðuneytið hefur tekið saman ítarlega greiningu á stöðu hvers liðar, skýringar á frávikum og til hvaða ráðstafana hafi verið gripið.

Halli á *06-210 Héraðsdómstólar* er 29,4 m.kr. Dómstólaráð gerði í áætlun sinni ráð fyrir að rekstur þessa árs myndi þyngjast og að rekstrarhalli yrði 1,4% af fjárheimild. Áætlunin gerði ráð fyrir 114,3 m.kr. launabótum vegna úrskurðar Kjararáðs um laun héraðsdómara sem ekki hafa ennþá verið tekjufærðar í fjárhagskerfi ríkisins.

06-231 Málskostnaður í opinberum málum er með 373,1 m.kr. halla. Ráðuneytið bendir á að þetta sé hefðbundin staða en útgjöldum liðarins sé ekki stýrt af ráðuneytinu. Farið var fram á hækkun fjárheimilda um 270 m.kr. á næsta ári. Þá hefur jafnframt verið farið fram á 325 m.kr. hækkun til liðarins af útgjaldasvigrúmi ráðuneytisins með breyttum forgangi. Halli á *06-232 Opinber réttaraðstoð* er 37,1 m.kr. Ráðuneytið stýrir heldur ekki útgjöldum á þessum lið en farið hefur verið fram á hækkun fjárheimilda um 34 m.kr. á næsta ári. Sama á við um *06-235 Bætur brotaþola* en þar er hallinn á 15,5 m.kr. halli og er farið fram á hækkun fjárheimilda um 75 m.kr. á næsta ári.

Halli á *06-303 Ríkislögreglustjóri* er 217,2 m.kr. sem m.a. skýrist af óreglulegum kostnaði vegna eldgoss í Holuhrauni sem ætlunin er að bæta með 106,9 m.kr. framlagi í fjárukalögum. Þá hafa verið gjaldfærðar 52 m.kr. vegna hugbúnaðarleyfa sem mynda stofn til innheimtu sértekna. Að lokum var gjaldskrá vegna bílarekstrar hækkuð í maí og mun það koma jafnvægi á þann rekstur á árinu. *06-309 Sérstakur saksóknari samkvæmt lögum nr. 135/2008* var með 181 m.kr. halla um mitt ár. Með samþykkt laga um Héraðssaksóknara verður embættið lagt niður. Tillögur ráðuneytisins eiga að tryggja fjármögnun hins nýja embættis en dráttur á samþykkt laganna veldur því að ráðuneytið segist ekki komast hjá því að óska eftir auknum fjárheimildum til embættisins á þessu ári. *06-316 Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra* var með 44,9 m.kr. halla. Embættið hefur þurft að bera óreglulegan kostnað vegna eldgossins í Holuhrauni sem ætlunin er að bæta með framlagi í fjárukalögum.

Á fjárlagalið *06-399 Hælisleitendur* er 113,8 m.kr. halli. Ráðuneytið segir að vel hafi gengið að flýta afgreiðslu umsókna hjá Útlendingastofnun og draga þannig úr kostnaði en á móti hafi málshraði á kærustigi reynst minni en að var stefnt og það ásamt fjölgun í hópi hælisleitenda hafi hækkað kostnaðinn aftur.

06-442 Sýslumaður Vesturlands var með 24,5 m.kr. halla m.a. vegna þess að biðlaunakostnaður féll allur til á fyrstu fimm mánuðum ársins sem ekki var gert ráð fyrir í fjárheimildadreifingu. Einnig á eftir að millifæra fjárveitingu vegna verkefna sem fluttust til embættisins frá aðalskrifstofu ráðuneytisins. Loks er launahlutfall embættisins hátt (86,8%) sem hefur í för með sér að samningsbundnar launahækkanir fást ekki að fullu bættar en embættið hyggst ráðast í aðgerðir til að ná launahlutfallinu í ásættanlega stöðu. Minni halli er einnig á rekstri nokkurra annarra sýslumanns-embættis.

Halli á *06-591 Fangelsisbyggingar* var 283,9 m.kr. en yfirfærð fjárheimild frá fyrra ári er 293 m.kr. og liðurinn í jafnvægi að teknu tilliti til hennar. Gert er ráð fyrir að bygging nýs fangelsis á Hólmsheiði verði innan kostnaðaráætlunar og fjárheimilda í lok árs.

06-651 Vegagerðin var með 1.642,6 m.kr. halla á fyrri árshelmingi. Eigið fé Vega-gerðarinnar var neikvætt um 1.421,2 m.kr. um síðustu áramót. Ástæða þykir til að leiðrétt dreifingu fjárheimilda á viðhalds- og framkvæmdalið stofnunarinnar til að hún endurspegli betur að framkvæmdaþungi er mestur á 2. og 3. ársfjórðungi. Þá liggja fyrir

að útgjaldaþörf vegna þjónustu- og styrkjaliða sé langt umfram fjármögnun ef halda á núverandi þjónustustigi. Þannig var halli á þessum liðum 1,4 ma.kr. á fyrri árshelmingi og stefnir að óbreyttu í að verða nærri 3 ma.kr. á árinu öllu. Hafin er vinna við endurskoðun á vetrarþjónustu Vegagerðarinnar en á meðan þjónustustigið er óbreytt telur ráðuneytið sig ekki hafa nein úrræði til að bregðast við stöðunni önnur en þau að óska eftir auknum fjárheimildum.

Á nokkrum fjárlagaliðum ráðuneytisins er útlit fyrir jákvæða fjárheimildastöðu í lok árs. Ráðuneytið telur þó ekki tilefni til að bregðast sérstaklega við vegna þess. 06-396 *Landhelgisjóður Íslands* fær ekki framlag úr ríkissjóði og allar útgjaldaheimildir byggja á innheimtu sértekna. Engin útgjöld hafa fallið til á tímabilinu og engar sértekjur hafa verið innheimtar. 06-490 *Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta* er m.a. notaður til millifærslna yfir á aðra liði en engar slíkar millifærslur hafa farið fram það sem af er árinu. Á 06-397 *Schengen-samstarf* fellur kostnaður til óreglubundið og erfitt er að áætla dreifingu hans. Afkoma 06-689 *Fjarskiptasjóðs* á tímabilinu var jákvæð um 32,5% eða 114,6 m.kr. sem skýrist fyrst og fremst af annarri dreifingu útgjalda en áætlað var. Sömu skýringar eru á fleiri fjárlagaliðum, þ.e. að kostnaður eða sértekjur falla í reynd öðruvísi til innan ársins en áætlað hafði verið. Nefna má að hjá 06-395 *Landhelgisgæsla Íslands* var afkoma tímabilsins jákvæð um 326,4 m.kr. eða 15,7% einkum vegna færslu á 362,6 m.kr. sértekjum í júní. Þá var afkoma á 06-821 *Þjóðskrár Íslands* á fyrri hluta ársins jákvæð um 84,2 m.kr. (10,7%) vegna frávika útgjalda-dreifingar frá áætlun.

Velferðarráðuneyti

Þegar í upphafi árs var fyrirséður halli á málaflokki sjúkratrygginga og nemur frávikið í heild 1.589,2 m.kr. á fyrri helmingi ársins sem er 9,6% umfram fjárheimild tímabilsins. Staðan endurspeglar vænta útkomu ársins, en reiknað er með að málaflokkurinn fari 3.000 m.kr. fram úr fjárlögum. Um tveir þriðju af frávikinum skýrast af kostnaði við kaup á lækniþjónustu. Erfiðlega hefur gengið að draga úr aukningu í eftirspurn eftir heilbrigðisþjónustu sem greidd er af sjúkratryggingum. Heilbrigðisyfirvöld hafa ekki viljað skerða rétt sjúklinga frá því sem nú er með því að setja frekari skorður við þátttöku ríkisins í kostnaði við þjónustuna. Helsta skýringin á að lækniskostnaður fór umfram fjárheimild er að samningur við sérgreinalækna sem tók gildi 1. janúar 2014 er ófjármagnaður. Ætlunin var að samningurinn leiddi ekki til aukinna útgjalda fyrir ríkissjóð heldur átti að halda kostnaðarhlutdeild sjúklinga óbreytt frá því sem var áður en samningurinn tók gildi, en læknar höfðu áður einhliða hækkað gjaldskrá sína gagnvart sjúklingum. Að sögn ráðuneytisins urðu kjarasamningar og viðkvæmt ástand á vinnumarkaði bæði árin 2014 og 2015 til þess að ákveðið var að krefja sjúklinga ekki áfram um sömu kostnaðarhlutdeild og þeir höfðu í reynd verið að greiða. Ráðuneytið mun óska eftir viðbótarfjárveitingu vegna málaflokks sjúkratrygginga í frumvarpi til fjárukalaga ársins.

Þegar í upphafi árs var einnig fyrirséður halli á hjúkrunarheimilunum 08-419 *Sólvangi* og 08-447 *Sóltúni*. Hins vegar er gert ráð fyrir að málaflokkurinn sem slíkur verði innan heimilda en afgangur eða halli vegna greiðslu daggjalda til annarra heimila er nettaður út í lokafjárlögum hvers árs. Viðvarandi halli hefur verið á rekstri Sólvangs til fjölda ára

en vonir standa til að hann heyri nú sögunni til. Að mati ráðuneytisins verður að gefa nýjum stjórnendum svigrúm til að ná tökum á rekstrinum en m.a. er gert ráð fyrir samlegð af rekstri Sólvangs og Vigdísarholts (áður Sunnuhlíðar). Útgjöld Sóltúns eru ekki í samræmi við fjárheimildir í fjárlögum og munar þar um 200 m.kr. á ári en ríkissjóður greiðir heimilinu í samræmi við ákvæði gildandi samnings við heimilið. Í lok ársins 2014 var uppsafnaður halli heimilisins 352 m.kr. Ákvæði samningsins koma í veg fyrir að ráðuneytið geti gert sambærilega aðhaldskröfu til starfseminnar og hjá öðrum öldrunarstofnunum. Þannig breytast samningsfjárhæðir til samræmis við breytingar á vísitölum launa og verðlags, auk þess sem heimilið á rétt á öðrum leiðréttingum á framlagi, s.s. vegna hækkunar opinberra gjalda. Sérstaka fjárveitingu þarf á fjárlögum til að hækka fjárheimildir og jafna uppsafnaðan vanda liðinna ára sé það ekki gert með eftirstöðvum af fjárheimild málaflokksins.

Það er mat ráðuneytisins að heilbrigðisstofnanir hafi í upphafi árs haft alla burði til að virða fjárlög og sýnir hálfársuppgjör þeirra að afkoman er innan fjárheimilda. Áhrifa verkfalla gætir að nokkru marki í afkomunni, einkum hjá *08-373 Landspítala* sem telur verkfallið hafa lækkað útgjöld tímabilsins um tæpar 500 m.kr. en *08-358 Sjúkrahúsið á Akureyri* telur verkfallið hins vegar hafa aukið kostnað. Ráðuneytið telur ástæðu til að fylgjast grannt með þróun í útgjöldum heilbrigðisstofnana þar sem vitað er að rekstur þeirra er í jánnum. Þá bendir ráðuneytið á að bókun í kjarasamningi ríkisins við læknafélögin kunnir að hafa áhrif á rekstrarútgjöld þeirra á yfirstandandi ári umfram það sem áður hafði verið gert ráð fyrir. Í sumar var samið um að bókunin tæki gildi 1. janúar 2015 í stað 1. janúar 2016 eins og áður hafði verið tilkynnt og fylgdu ekki launabætur þeirri ákvörðun. Ráðuneytið leitar mánaðarlega eftir viðbrögðum stofnana og á með þeim fundi til að ræða rekstrarstöðu þeirra. Að sögn þess kemur til greina að draga úr valkvæðri þjónustu en slíkt mun lengja biðtíma sjúklinga.

Ráðuneytið tekur sérstaklega fram að uppsafnaður rekstrarvandi stofnana sé óleystur og að óraunhæft sé að ætla þeim að greiða hann niður af árlegu rekstrarfé. Uppsafnaður halli veldur því m.a. að lausafé er af skornum skammti. Stofnanirnar geta ekki staðið við skuldbindingar sínar og gert upp viðskiptaskuldir. Fjármála- og efnahagsráðuneytið féllst á í upphafi árs að koma til móts við stofnanir með svipuðum hætti og gert var árið 2010 gagnvart Landsspítala, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og heilbrigðisstofnunum á Suðurlandi og Suðurnesjum og greiða þeim rekstrarfé umfram fjárheimildir ársins. Þessi fyrirgreiðsla er til bráðabirgða og verður tekin til endurskoðunar í ljósi afkomu stofnananna. Það er þó mat ráðuneytisins að uppsafnaður rekstravandi fyrri ára verði ekki leystur nema að til komi viðbótarfjárheimildir frá Alþingi við afgreiðslu fjárlaga eða lokafjárlaga. Það tekur þó fram að slíkt sé ekki tímabært fyrr en viðkomandi stofnanir hafi sýnt að þær geti hagað rekstri í samræmi við fjárheimildir fjárlaga.

Ráðuneytið telur að ekkert bendi til þess að svo stöddu að útgjöld og fjárheimildastaða fjárlagaliða verði marktækt undir fjárheimild í lok árs og hefur rökstutt það mat sitt. Ráðuneytið gerir þannig ráð fyrir að allar stofnanir og fjárlagaliðir nýti heimildir sínar, þó með þeim fyrirvara að ekki er gert ráð fyrir að ganga á uppsafnaðan 679 m.kr. höfuðstól Framkvæmdasjóðs aldraðra. Áætlanir ráðuneytisins gera ráð fyrir að hann verði nýttur a.m.k. að hluta árið 2016.

Afkoma málaflokksins *Málefni aldraðra og endurhæfing* innan ársins skýrist einkum af tvennu. Annars vegar eru tekjur vegna greiðslubátttöku aldraðra meiri en áætlað var í fjárlögum. Skýra þær u.þ.b. 70 m.kr. af afkomunni. Hins vegar eru greiðslur til öldrunarstofnana samtals 136 m.kr. lægri en áætlað er í fjárheimildadreifingu. Það skýrist af nýtingu rýma.

Um þriðjungur afkomu málaflokksins *Heilbrigðisstofnanir* skýrist af því að ekki er búið að ráðstafa fjármunum af safnlið. Í heild er rekstur heilbrigðisstofnana jákvæður um 230 m.kr. en ráðuneytið hefur þá afkomu til skoðunar þar sem hún hefur versnað um rúmar 80 m.kr. frá uppgjöri Fjársýslunnar.

Jákvæð afkoma er á tveimur safnliðum, *08-398 Félagsmál, ýmis starfsemi* og *08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi*. Almenn er gert ráð fyrir að ráðstafa því fjármagni sem til skiptanna er á safnliðum. Ráðuneytinu hefur ekki gengið sem skyldi að áætla útsteymi fjármagns af liðunum og haga dreifingu fjárheimilda í samræmi við hana en alla jafnan er meiru ráðstafað af liðunum á síðari hluta ársins.

Jákvæð afkoma málaflokksins *Vinumál* skýrist einkum af því að fjárheimild til *08-857 Starfsendurhæfingarsjóða* var dreift á fyrstu sex mánuði ársins, en velferðar-ráðuneytið hafði óskað eftir að heimildin dreifðist á síðari hluta ársins til samræmis við áætlaða dreifingu útgjalda hjá sjóðinum.

Húsnæðismál. Af fjárlagaheimild ársins eru 5,7 ma.kr. ætlaðir til Íbúðalánasjóðs vegna kostnaðar sjóðsins af niðurfærslu verðtryggðra lána og til að mæta rekstrarvanda. Fjárheimildin er færð í desember.

Fjármála- og efnahagsráðuneyti

Miðað við sex mánaða uppgjör má gera ráð fyrir að eftirtaldir fjárlagaliðir verði að óbreyttu yfir fjárheimild í lok árs: *09-215 Skattrannsóknastjóri ríkisins*; *09-381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun*; *09-721 Fjármagnstekjuskattur*; *09-825 Niðurfærsla á verðtryggðum húsnæðisskuldum heimila*.

Embætti skattrannsóknarstjóra gerði á árinu samkomulag við erlendan aðila um kaup á gögnum um tengsl íslenskra ríkisborgara við félög í lágs kattaríkjum. Talið er að þau muni nýtast íslenskum skattfyrirvöldum við að upplýsa um möguleg skattundanskot. Á ríkisstjórnarfundum þann 14. apríl 2015 var samþykkt að óska eftir aukafjárveitingu til embættisins vegna kaupa á þessum gögnum en fyrir þau voru greiddar 38,3 m.kr.

Lífeyrisskuldbindingar ríkisins gagnvart B-deild LSR hafa hækkað og verður sótt um a.m.k. 1.200 m.kr. fjárheimild til viðbótar í frumvarpi til fjárákvalaga. Tilfnið eru nýjar upplýsingar um fjárhæðir sem þegar hafa komið til greiðslu vegna tímabilsins janúar-maí 2015 og framreikningur út árið 2015. Framreikningurinn tekur til fjárhæða sem þegar hafa komið til greiðslu en ekki annara hækkana sem gætu orðið síðar á árinu, s.s. vegna kjarasamninga.

Gert er ráð fyrir að fjármagnstekjuskattur sem ríkissjóður greiðir af vaxtatekjum, arði og söluhagnaði eigna hækki á árinu. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun er gert ráð fyrir að fjármagnstekjuskattur sem ríkissjóður greiðir af vaxtatekjum, arði og söluhagnaði eigna hækki um 3.430 m.kr. á rekstrargrunni og verði 8.690 m.kr. Gert er ráð fyrir því að greiðsla vegna fjármagnstekjuskatts ríkisaðila hækki um 3.460 m.kr. og verði 8.410 m.kr. Fjármagnstekjuskatturinn færir einnig á tekjuhlið ríkissjóðs og hefur þessi breyting því ekki áhrif á afkomu ársins.

Í upphaflegu mati á niðurfærslu á verðtryggðum húsnæðisskuldum heimila var gert ráð fyrir að stærri hluti færi í gegnum tekjuhlið ríkissjóðs í formi sérstaks persónuafsláttar. Endurmat á áætluninni gefur til kynna að sérstaki persónuafslátturinn verði nokkru lægri en reiknað hafði með. Þar sem greiðslur til lánastofnana vegna niðurfærslunnar fara að mestu leyti fram á þessu ári færir meirihluti viðbótargjalda einnig til gjalda á árinu. Lagt verður til í frumvarpi til fjárukalaga að fjárheimild liðarins hækki um 850 m.kr. og verði samanlagt 19.235 m.kr. árið 2015.

Ráðuneytið telur að framangreindar ráðstafanir muni duga til að ofangreindir fjárlagaliðir verði innan fjárheimilda í lok árs. Fjárheimildastaða eftir sex mánuði ársins gefur á þessum tíma ekki tilefni til að ætla að neinir fjárlagaliðir ráðuneytisins verði marktækt undir fjárheimild í lok árs.

Umhverfisráðuneyti

Þrjú fjárlagaliðir ráðuneytisins gefa tilefni til umfjöllunar. Neikvæð afkoma 14-212 *Vatnajökulsþjóðgarðs* skýrist að hluta af uppsöfnuðum halla árslok 2014 en hann var 40,0 m.kr. og stafar af því að byggingarkostnaður við Snæfellsstofu á árinu 2011 var vanáætlaður. Ráðuneytið hefur lagt fyrir stofnunina að ná niður og eyða hallanum á næstu þremur árum en reiknað er með að reksturinn skili 5,0 m.kr. afgangi á þessu ári. Frávik er einnig tilkomið vegna kostnaðar við Bárðarbungusvæðið en samráðshópur fimm ráðuneytisstjóra leggur til að stofnunin fái fjárheimild í fjárukalögum til að mæta þeim kostnaði sem áætlaður er um 39,7 m.kr. fram til september 2015. Framkvæmdaliðurinn er einnig neikvæður vegna þess að kostnaður er ekki í samræmi við dreifingu fjárheimilda.

Hjá 14-401 *Náttúrufræðistofnun Íslands* var sótt var um 53,0 m.kr. fjárheimild í fjárukalögum 2014 auk heimildar í fjárlögum ársins 2015 til að framlengja IPA-verkefnið *Natura Island* sem felst í greiningu, flokkun og kortlagningu lykilmúsveða fugla. Framkvæmdastjórn ESB sagði upp samningi um verkefnið og þar með var fjármögnun þess í uppnámi. Fjárheimildin fékkst ekki samþykkt við afgreiðslu fjárukalaga 2014 en í skoðun er hvernig hægt sé að auka fjárheimildir stofnunarinnar til að mæta þessu. Ráðuneytið hefur þó lagt á það áherslu við stofnunina að ekki sé unnt að lofa fjárveitingu og að stofnunin þurfi að gæta ítrasta aðhalds í rekstri sínum. Reikna má með að stofnunin verði með neikvæðan höfuðstól í árslok sem nemur um 50,0 m.kr.

Rekstur ársins hjá 14-241 *Skógrækt ríkisins* er í jafnvægi en frávik er tilkomið vegna þess að tekjur vegna eignarnámsbóta vegna jarðar voru ranglega færðar í bókhaldi

stofnunar á árinu 2014 sem sértekjur. Þetta var lagfært í ríkisreikningi 2014 en varð til þess að stofnunin skuldar ríkissjóði fjárhæðina. Skógrækt ríkisins var með 95 m.kr. neikvæðan höfuðstól í árslok 2014 en stofnuninni hefur verið gert að taka upp ársreikning sinn fyrir árið 2014 til samræmis við þær lagfæringar sem gerðar voru í ríkisreikningi. Skógræktinni var jafnframt gert að skila til ríkissjóðs þeim bótum sem hún tók á móti á árinu 2014 og það sem af er árinu 2015. Fyrirhugað er að leggja fram fjárukalagatillögu 2015 sem tryggir stofnuninni ráðstöfun á hluta af andvirði bótanna og gangi það eftir má reikna með að hún verði með jákvæðan höfuðstól í árslok.

Hjá engum fjárlagaliðum sem var undir fjárheimild eftir sex mánuði er reiknað með að útkoman verði marktækt undir fjárheimild í lok árs. Flestir fjárlagaliðir hafa á síðustu árum nýtt að fullu höfuðstól sem þeir áttu nema höfuðstóllinn sé bundinn. Hjá nokkrum fjárlagaliðum sem eru undir fjárheimild er skýringin sú að kostnaður fellur til með öðrum hætti innan ársins en dreifing fjárheimilda segir til um.

5 Sjóðstreymi A-hluta ríkissjóðs

Handbært fé frá rekstri lækkaði minna en áætlað var

Handbært fé frá rekstri ríkissjóðs var neikvætt um 30,3 ma.kr. á fyrri hluta ársins en var skv. áætlun fjárlaga talið verða neikvætt um 55,5 ma.kr. Greiðslur ríkissjóðs til fjármálastofnuna vegna niðurfærslu húsnæðislána skýra neikvæða stöðu en meiri innheimta tekna en ráð var fyrir gert bætir hins vegar stöðuna miðað við áætlanir.

Hreinn lánsfjárfjöfnuður var neikvæður um 12,4 ma.kr., þ.e. lánsfjárbörf, en í áætlun hafði verið gert ráð fyrir 66,1 ma.kr. neikvæðum lánsfjárfjöfnuði.

Greiddar afborganir á fyrri hluta ársins voru meiri en gert var ráð fyrir í áætlun, þ.e. 54,2 ma.kr. í stað 27,4 ma.kr. Einnig voru tekin minni lán að áætlað hafði verið, 29,5 ma.kr. í stað 40,9 ma.kr.

Handbært fé ríkissjóðs lækkaði á tímabilinu um 37,1 ma.kr. en í áætlun hafði verið gert ráð fyrir að það lækkaði um 52,6 ma.kr. Til samanburðar lækkaði handbært fé um 11,4 m.kr. á sama tíma árið 2014.

5.1 Sjóðstreymi ríkissjóðs, janúar–júní 2015

Greiðslugrunnur (ma.kr.)	Fjárlög	Áætlun	Útkoma	Útkoma fyrra árs	Frávik frá áætlun	Breyting frá fyrra ári		
Greiðsluafkoma	-7,7	-26,5	0,8	-13,3	27,3	-103,0%	14,1	-106,0%
Handbært fé frá rekstri	5,8	-55,5	-30,3	11,0	25,2	-45,4%	-41,3	-375,5%
Hreinn lánsfjárfjöfnuður	24,4	-66,1	-12,4	3,7	53,7	-81,2%	-16,1	-435,1%
Greiddar afborganir	-100,2	-27,4	-54,2	-53,1	-26,8	97,8%	-1,1	2,1%
Tekin lán	60,0	40,9	29,5	38,0	-11,4	-27,9%	-8,5	-22,4%
Breyting á handbæru fé	-15,8	-52,6	-37,1	-11,4	15,5	-29,5%	-25,7	225,4%

Viðauki 1: Skýringar á hugtökum

A-hluti ríkissjóðs. Rekstri á vegum ríkisins er skipt í fimm hluta: A-, B-, C-, D- og E-hluta með tilliti til eðlis starfseminnar, fjármögnunar hennar og ábyrgðar. A-hlutinn er umfangsmestur en til hans heyrir rekstur stofnana ríkisins sem eru að stærstum hluta fjármagnaður af skatttekjum þótt stofnanir geti einnig selt þjónustu og aflað þannig tekna. Til A-hlutans heyra ráðuneyti, ríkisstofnanir, ýmsir styrktarsjóðir og tilfærslur til B- og C-hlutans, sveitarfélaga, einstaklinga, samtaka og atvinnuvega. Ríkissjóður ber ótakmarkaða fjárhagslega ábyrgð á skuldbindingum ríkisstofnana í A-hluta. Efnahagur ríkissjóðs telst einnig til A-hlutans.

Bundið eigið fé. Rekstrarafgangur sumra fjárlagaliða sem hafa ríkistekjur, þ.e. markaðar tekjur eða aðrar rekstrartekjur, er að hluta eða öllu leyti færður á svokallað bundið eigið fé í stað höfuðstóls. Nánar tiltekið er almennt um að ræða mismun ríkistekna sem færðar eru í ársreikning viðkomandi fjárlagaliðar og fjárheimilda hans skv. fjárlögum, fjáraukalögum og lokafjárlögum. Sé tekjufærslan umfram fjárheimild er bundið eigið fé jákvætt, en neikvætt ef tekjurnar eru undir fjárheimild. Afkoma fjögurra fjárlagaliða (Atvinnuleysistryggingasjóðs, Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga, Ábyrgðasjóðs launa og Fæðingarorlofs) hefur þó verið færð að fullu á bundið eigið fé. Ekki er heimilt að ráðstafa bundnu eigin fé nema skv. ákvæði í fjárlögum eða fjáraukalögum. Sjá einnig *markaðar tekjur*.

Fjárheimild (fjárveiting, gjaldaheimild). Fjárheimild er fjárveiting sem veitt er í fjárlögum til að skuldbinda ríkissjóð á tilteknu ári að viðbættri hugsanlegri viðbótarfjárveitingu í fjáraukalögum og millifærslum af öðrum fjárlagaliðum, s.s. vegna launa- og verðlagsbóta. Fjárheimild tekur einnig tillit til hugsanlegra ónotaðrar fjárheimildar eða halla frá fyrri árum. Yfirleitt felur fjárveiting í sér heimild til að greiða skuldbindinguna á árinu, þ.e. gjaldaheimild. Almennt eru fjárheimildir tilgreindar í 1. gr. fjárlaga og sundurliðun 2 og koma þær þá inn í samtölu fjárlaga, en í sumum tilvikum er einnig veitt heimild til ráðstafana í 6. grein fjárlaga.

Flutt fjárheimild milli ára. Lög um fjárreiður ríkisins (nr. 88/1997) heimila, að fengnu samþykki hlutaðeigandi ráðherra og fjármálaráðherra, að ónýttar fjárveitingar í lok reikningsárs séu geymdar til næsta árs (sbr. 2. mgr. 37. gr. laganna). Með sama hætti er heimilt að draga skuldir fyrra árs (vegna þess að fjárlagaliður fór fram úr fjárheimild á árinu) frá fjárveitingum ársins. Fylgiskjal 1 með frumvarpi til lokafjárlaga hvers árs sýnir þær ónýttu fjárheimildir og umframgjöld sem fjármálaráðuneytið leggur til að flytjist yfir á næsta ár og breyti þar með fjárheimildum þess árs. Eigi hins vegar ekki að auka eða skerða fjárveitingar næsta árs með þessum hætti þarf að leita eftir heimild til þess í

frumvarpi til lokafjárlaga að fella niður afgangsheimildir og umframgjöld. Slíkar niðurfellingar eru tilgreindar í 2. gr. frumvarpsins.

Greiðslugrunnur (greiðsluuppgjör, sjóðshreyfingar). Reikningskilaregla sem kveður á um að viðskipti (og skuldbindingar þeim tengdar) skuli aðeins færa þegar greiðsla vegna þeirra fer fram. Uppgjör á greiðslugrunni sýnir tekjur þegar þær innheimtast og gjöld þegar þau eru innt af hendi. Sjá *rekstrargrunnur*.

Handbært fé frá rekstri. Handbært fé frá rekstri ríkissjóðs er mismunurinn á inn- og útgreiðslum sem rekstur ríkissjóðs skilar á tímabilinu. Handbært fé svarar til afkomu ársins þegar tekið hefur verið tillit til tekna og gjalda sem ekki hafa áhrif á sjóðstöðu (s.s. áfallinna en ógreiddra gjalda) og breytinga á rekstrartengdum eignum og skuldum (skammtímalíðir eins og birgðir, viðskiptakröfur og viðskiptaskuldir).

Höfuðstóll. Höfuðstóll fjárlagaliða sýnir stöðu þeirra gagnvart fjárheimildum. Ef rekstur ársins skilar jákvæðri niðurstöðu, þ.e. er innan fjárheimilda, hækkar staða höfuðstóls en lækkar ef rekstrarniðurstaðan er neikvæð. Hjá flestum fjárlagaliðum færast höfðustólsstaðan milli ára og hefur áhrif á fjárheimild næsta árs. Á sumum fjárlagaliðum er staðan hins vegar að hluta eða öllu leyti bundin (sjá *bundið eigið fé*) og því ekki til ráðstöfunar til rekstrar viðkomandi stofnunar. Eins er venjan að fella niður með lokafjárlögum höfuðstólsstöðu ýmissa liða fjárlaga sem byggðir eru á áætlunum eða útreikningum, t.d. vegna lífeyris-, sjúkra- og slysatrygginga lífeyrisskuldbindinga, barnabóta, vaxtabóta, afskrifta skattkrafna og vaxtagjalda.

Lánsfjárfjöfnuður. Lánsfjárfjöfnuður eru þeir fjármunir sem ríkissjóður hefur til að greiða af lánum. Hann er ýmis jákvæður (lánsfjárafgangur) eða neikvæður (lánsfjárpörf).

Lokafjárlög. Ákvæði um lokafjárlög er að finna í 45. gr. laga nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins. Þar segir að með ríkisreikningi skuli fylgja frumvarp til lokafjárlaga honum til staðfestingar. Lokafjárlög eru í þremur greinum. Með fyrstu greininni eru gerðar breytingar á fjárheimildum vegna frávika ríkistekna frá áætlun fjárlaga (sjá *markaðar tekjur og aðrar rekstrartekjur*). Í annari greininni eru felldar niður afgangsheimildir og gjöld umfram fjárheimild ef ekki á að flytja slíka stöðu yfir á næsta ár. Loks er í þriðju grein lokafjárlaga mælt fyrir um að lögin öðlist þegar gildi og að ríkisreikningur ársins teljist þar með staðfestur.

Markaðar tekjur og aðrar rekstrartekjur. Markaðar tekjur kallast tekjur af þeim sköttum sem beinlínis er ætlað að standa undir tilteknum útgjöldum. Þannig er til dæmis ákveðið í lögum að mestallar tekjur af sköttum sem lagðir eru á eldsneyti (bensíngjald) renni til vegagerðar. Með sama hætti er kveðið á um í lögum hvernig ráðstafa skuli tekjum af tryggingagjaldi. Til annarra rekstrartekna stofnana teljast lögbundnar tekjur fyrir veitta þjónustu eða starfsemi á vegum ríkisins. Dæmi um þetta eru innritunargjöld skóla, eftirlitsgjöld af ýmsu tagi, tekjur af útgáfu vottorða, leigutekjur o.fl. Markaðar tekjur og aðrar rekstrartekjur eru taldar upp í séryfirlitum í fjárlögum. Í lokafjárlögum vegna viðkomandi árs er fjárheimildum einstakra fjárlagaliða breytt til samræmis við uppgjör markaðra tekna og annarra

rekstrartekna, þ.e. fjárheimild er ýmist hækkuð eða lækkuð eftir því hvort slíkar tekjur urðu hærri eða lægri en áætlað var í fjárlögum.

Rekstrargrunnur (rekstraruppgjör). Reikningskilaregla sem kveður á um að viðskipti (og skuldbindingar þeim tengdar) skuli færa þegar þau eiga sér stað en ekki aðeins þegar greiðsla vegna þeirra fer fram. Uppgjör á rekstrargrunni sýnir þannig áfallnar tekjur og gjöld, þ.e. álagðar tekjur þegar þær verða kræfar og skuldbindingar um útgjöld þegar til þeirra er stofnað. Almennt er litið svo á að uppgjör samkvæmt rekstrargrunni gefi fyllri mynd af fjárhagsstöðu ríkissjóðs. Sjá *greiðslugrunnur*.

Safnliðir fjárlaga. Í fjárlögum tíðkast í nokkrum mæli að ráðstafa fé á svokallaða safnliði, þ.e. fjárlagaliði með fjárveitingu sem gert er ráð fyrir að einstök ráðuneyti geti ráðstafað á árinu til hækkunar á fjárheimildum annarra fjárlagaliða sem undir þau heyra, s.s. til að mæta ófyrirséðum útgjöldum, leiðréttu fjárveitingar til stofnana á grundvelli endanlegrar niðurstöðu reiknilíkana o.fl. Í greinargerð með frumvarpi til fjárlaga eru taldir upp fjárlagaliðir sem eru með óskipta fjárheimild og hver sé tilgangur þeirra. Þá er í ríkisreikningi hvers árs, séryfirliti 6, sýndar allar millifærslur fjárheimilda milli fjárlagaliða innan ársins.

Sértekjur stofnana. Tekjur sem færðar eru í rekstrarreikning einstakra ríkisaðila, þ.e. tekjur ríkisstofnana af sölu vöru og þjónustu sem seld er á markaðsforsendum. Slíkar tekjur færast til lækkunar á gjöldum en eru jafnframt sýndar sérstaklega í reikningum þeirra og áætlaðar í fjárlögum. Nái stofnun að afla meiri sértekna en fjárlög áætla getur hún aukið útgjöld sem mismuninum nemur. Með sama hætti þarf stofnun að draga saman útgjöld verði sértekjur hennar lægri en áætlað var í fjárlögum.

Viðauki 2: Gjaldaliðir fjárlaga

Fjárl.nr.	Fjárlagaheiti	Fjárlög	Fjárukalög	Launabætur	Millifærslur	Flutt frá fyrra ári	Fjárheimild samtals	Reikningur	Frávik undir fjárheimild	Frávik yfir fjárheimild	Hlutfall af fjárheimild
00101	Embætti forseta Íslands	114.154.700	0	0	0	25.557.174	139.711.874	105.676.027	34.035.847		75,6%
00201	Alþingi	1.441.819.200	0	0	0	56.295.708	1.498.114.908	1.387.649.441	110.465.467		92,6%
00212	100 ára afmæli kosningaréttar kvenna	27.000.000	0	0	15.900.000	421.008	43.321.008	42.348.076	972.932		97,8%
00291	Rannsóknarnefndir Alþingis	0	0	0	0	0	0	138.083		138.083	-
00301	Ríkisstjórn	169.120.800	0	0	294.953	0	169.415.753	147.868.025	21.547.728		87,3%
00401	Hæstiréttur	94.769.400	0	0	299.125	0	95.068.525	102.929.522		7.860.997	108,3%
00610	Umboðsmaður Alþingis	85.702.200	0	0	0	4.697.772	90.399.972	76.783.158	13.616.814		84,9%
00620	Ríkisendurskoðun	233.819.400	0	0	14.674.187	11.788.716	260.282.303	214.755.481	45.526.822		82,5%
01101	Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	228.641.800	0	0	-2.660.981	16.611.948	242.592.767	209.695.547	32.897.220		86,4%
01190	Ýmis verkefni	64.137.300	0	0	-37.901.535	3.960.276	30.196.041	19.029.400	11.166.641		63,0%
01199	Ráðstöfunarfé	1.245.000	0	0	-1.245.000	0	0	0	0		-
